

Breytingartillögur

við frv. til l. um fyrningu kröfuréttinda.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
Krafa skv. 1. mgr. fynnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna veki athygli kröfuhafa eða erfingja hans, tímanlega og á sannanlegan hátt, á að krafan sé að fynrast.
2. Við 9. gr.
 - a. Orðin „þar með talið fyrir ófjárhagslegt tjón“ í 1. mgr. falli brott.
 - b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns, þ.m.t. fyrir ófjárhagslegt tjón, fynnist þó á tíu árum.
3. Við 15. gr. Fyrri málslíður 3. mgr. orðist svo: Ef heimilt eða skylt er samkvæmt samningi eða lögum að leggja ágreining í gerð er fyrningu slitið þegar kröfuhafi gerir það sem nauðsynlegt er til að hrinda málinu af stað.
4. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:
Ákvæði 1. mgr. gilda jafnframt um kröfur sem lagðar eru fyrir kær- og úrskurðarnefndir, sem settar eru á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Sama gildir ef kær- eða umkvörtunarnefndir hafa verið settar á fót á grundvelli fyrirmæla í lögum eða ef skuldari samþykkir að krafa sé lögð fyrir starfandi kær- eða umkvörtunarnefnd.
5. Við 21. gr. Orðin „tíu ára“ í fyrri málslíð 3. mgr. falli brott.